

Vátryggingafélag Íslands hf.

Samandreginn árshlutareikningur
samstæðu

1. janúar - 30. september 2015

Vátryggingafélag Íslands hf.
Ármúla 3
108 Reykjavík
Kt. 690689-2009

Vátryggingafélag Íslands hf.

Samandreginn árshlutareikningur
samstæðu

1. janúar - 30. september 2015

Efnisyfirlit

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	2
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	3
Efnahagsreikningur	4
Eiginfjáryfirlit	5
Sjóðstreymisyfirlit	6
Skýringar	7-14

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samandreginn samstæðuárshlutareikningur Vátryggingafélags Íslands hf. („félagið“ eða "VÍS") fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2015 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Aðalstarfsemi félagsins felst í vátryggingastarfsemi og fjárfestingum. Samstæðuárshlutareikningurinn hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélags þess, Líftryggingafélags Íslands hf., sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“. Samstæðuárshlutareikningurinn hefur ekki verið kannaður eða endurskoðaður af endurskoðendum félagsins.

Rekstur

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu nam hagnaður samstæðunnar á tímabilinu 1.989 milljónum króna. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir samstæðunnar 46.793 milljónum króna og bókfært eigið fé nam í lok tímabilsins 14.546 milljónum króna.

Félagið vinnur að innleiðingu á löggjöf um vátryggingastarfsemi, Solvency II, sem taka á gildi frá og með 1. janúar 2016. Löggjöfin felur meðal annars í sér umtalsverða breytingu á því hvernig áhætta í starfsemi vátryggingafélaga er mæld og hvernig gjaldþol og gjaldþolskrafa eru reiknuð. Stjórn félagsins hefur sett samstæðunni markmið um áhættuvilja sem tekur mið af núverandi starfsemi auk neðri vikmarka. Samkvæmt markmiðunum á gjaldþolshlutfall samstæðunnar samkvæmt Solvency II að vera um 1,5 með neðri vikmörkum í 1,35. Virk áhættustýring og mælingar eiga að tryggja að markmið náist. Arðgreiðslur og kaup á eigin bréfum munu taka mið af settum markmiðum. Gjaldþolshlutfall samstæðunnar reiknað í samræmi við væntanlega nýja löggjöf var 1,65 í árslok 2014.

Í samræmi við endurkaupaáætlanir félagsins sem samþykktar voru á aðalfundum 2014 og 2015 hefur félagið keypt eigin hluti fyrir 912 milljónir króna á fyrstu níu mánuðum ársins 2015, og átti sem nam 4,4% af heildarhlutafé þess þann 30. september s.l.

Félagið hyggst breyta reikningsskilaaðferð hvað varðar mat á tjónaskuld í árslok 2015 til samræmis við kröfur Solvency II. Samkvæmt núgildandi aðferð við útreikning á gjaldþoli felur tjónaskuldin í sér álag vegna óvissu en þetta álag er lægra í nýju löggjöfinni. Þar sem um er að ræða breytingu á reikningsskilaaðferð samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum mun hún hafa áhrif á upphafsstöðu eigin fjár og tjónaskuldar ársins 2014 og verða rekstrarreikningar árunna 2014 og 2015 jafnframt lagaðir að breytingunni. Tekjuskattar vegna breytingarinnar koma til greiðslu á árinu 2016. Í árslok 2014 nam reiknað umframvirði í tjónaskuld að meðtöldum sköttum um 4,7 ma.kr.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðuárshlutareikningur Vátryggingafélags Íslands hf. gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2015 og eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 30. september 2015. Jafnframt er það álit okkar að samstæðuárshlutareikningurinn geymi glöggt yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar í lok tímabilsins og gefi gott yfirlit yfir óvissu og áhættuþætti sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Vátryggingafélags Íslands hf. hafa í dag farið yfir samstæðuárshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2015 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 29. október 2015

Í stjórn

Guðrún Þorgeirsdóttir
stjórnarformaður

Ásta Dís Óladóttir
varaformaður

Bjarni Brynjólfsson

Davíð Hardarson

Helga Jónsdóttir

Forstjóri

Sigrún Ragna Ólafsdóttir

**Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu
fyrir tímabilið 1. janúar - 30. september 2015**

	Skýr.	3F 2015	3F 2014	9M 2015	9M 2014
Iðgjöld tímabilsins		4.283.671	4.071.947	12.390.443	11.853.120
Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum		(127.935)	(155.176)	(435.419)	(463.250)
Eigin iðgjöld	5	4.155.736	3.916.771	11.955.024	11.389.870
Fjármunatekjur	6	(30.700)	290.022	348.609	505.801
Gangvirðisbreytingar fjáreigna		938.669	473.192	2.624.368	920.687
Fjárfestingatekjur		907.969	763.214	2.972.977	1.426.488
Aðrar tekjur		36.105	34.519	116.874	118.357
Heildartekjur		5.099.810	4.714.505	15.044.875	12.934.716
Tjón tímabilsins		(3.450.990)	(3.268.884)	(9.827.574)	(9.053.779)
Hluti endurtryggjenda í tjónum		(66.370)	65.315	(77.922)	127.945
Eigin tjón	7	(3.517.360)	(3.203.569)	(9.905.496)	(8.925.834)
Rekstrarkostnaður		(987.949)	(944.538)	(3.012.104)	(2.939.105)
Vaxtagjöld		(524)	(541)	(2.626)	(1.757)
Virðisýrnun viðskiptakrafna		(433)	(14.116)	9.309	(25.610)
Heildargjöld		(4.506.266)	(4.162.764)	(12.910.917)	(11.892.306)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		593.544	551.741	2.133.958	1.042.410
Tekjuskattur	8	(23.094)	(96.837)	(144.466)	(136.577)
Heildarhagnaður tímabilsins		570.450	454.904	1.989.492	905.833
Hagnaður á hlut:					
Hagnaður og þynntur hagnaður á hlut		0,24	0,19	0,83	0,36

Skýringar á blaðsíðum 7-14 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

Efnahagsreikningur 30. september 2015

	Skýr	30.9.2015	31.12.2014
Eignir			
Rekstrarfjármunir		154.659	117.553
Óefnislegar eignir		2.187.906	2.054.227
Skatteign		134.426	135.569
Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur	9	26.931.492	28.880.089
Fjáreignir haldið til gjalddaga	9	4.363.009	4.284.837
Skuldabréf og aðrar langtímakröfur	9	52.673	93.145
Fjárfestingar með fjárfestingaráhættu líftryggingataka		1.292.105	1.284.696
Viðskiptakröfur		6.443.438	5.283.955
Endurtryggingaeignir		1.331.131	1.391.781
Aðrar kröfur		1.915.001	1.540.480
Handbært fé		1.987.093	1.399.904
Eignir samtals		<u>46.792.933</u>	<u>46.466.237</u>
Eigið fé			
Hlutfé		2.330.194	2.438.481
Lögbundinn varasjóður		625.620	625.620
Óráðstafað eigið fé		11.590.601	12.892.382
Eigið fé samtals		<u>14.546.415</u>	<u>15.956.483</u>
Skuldir			
Vátryggingaskuld	11	29.592.573	27.577.235
Líftryggingaskuld með fjárfestingaráhættu líftryggingataka		1.292.105	1.284.696
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir		1.361.839	1.647.823
Skuldir samtals		<u>32.246.518</u>	<u>30.509.754</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>46.792.933</u>	<u>46.466.237</u>

Skýringar á blaðsíðum 7-14 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

Eiginfjáryfirlit 1. janúar - 30. september 2015

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
2014				
Eigið fé 1.1.2014	2.502.481	625.620	13.496.083	16.624.184
Heildarhagnaður tímabilsins			905.833	905.833
Keyptir eigin hlutir	(36.120)		(270.834)	(306.954)
Úthlutaður arður 0,73165 kr. á hlut			(1.830.940)	(1.830.940)
Eigið fé 30.9.2014	<u>2.466.361</u>	<u>625.620</u>	<u>12.300.142</u>	<u>15.392.123</u>
2015				
Eigið fé 1.1.2015	2.438.481	625.620	12.892.382	15.956.483
Heildarhagnaður tímabilsins			1.989.492	1.989.492
Keyptir eigin hlutir	(108.287)		(803.329)	(911.615)
Úthlutaður arður 1,03 kr. á hlut			(2.487.945)	(2.487.945)
Eigið fé 30.9.2015	<u>2.330.194</u>	<u>625.620</u>	<u>11.590.601</u>	<u>14.546.415</u>

Skýringar á blaðsíðum 7-14 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

Sjóðstreymisyfirlit fyrir tímabilið 1. janúar - 30. september 2015

	Skýr.	9M 2015	9M 2014
Rekstrarhreyfingar			
Heildarhagnaður tímabilsins		1.989.492	905.833
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé:			
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		(345.983)	(504.044)
Gangvirðisbreyting fjáreigna		(2.624.368)	(920.687)
Söluhagnaður rekstrarfjármuna		0	(8.434)
Afskriftir		94.730	94.955
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skatteign, lækkun, (hækkun)		1.142	(365)
Fjáreignir, lækkun		4.015.051	428.195
Skuldabréf og aðrar langtímakröfur, lækkun		40.471	97.181
Viðskiptakröfur, (hækkun)		(1.159.483)	(1.280.550)
Endurtryggingaeignir, lækkun, (hækkun)		60.650	(65.420)
Aðrar eignir, (hækkun)		(374.521)	(634.082)
Vátryggingaskuld, hækkun		2.015.339	1.986.968
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir, hækkun		35.102	292.127
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		<u>3.747.623</u>	<u>391.674</u>
Innborgaðar fjármunatekjur		934.073	1.236.269
Greidd fjármagnsgjöld		(2.626)	(1.757)
Greiddur tekjuskattur		(322.881)	(49.551)
Handbært fé frá rekstri		<u>4.356.189</u>	<u>1.576.635</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptur hugbúnaður		(265.939)	(488.159)
Keyptir rekstrarfjármunir		(78.575)	(32.278)
Seldir rekstrarfjármunir		0	10.237
		<u>(344.514)</u>	<u>(510.199)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Kaup á eigin hlutum		(911.615)	(306.954)
Greiddur arður		(2.487.945)	(1.830.940)
		<u>(3.399.560)</u>	<u>(2.137.894)</u>
Hækkun handbærs fjár		612.114	(1.071.458)
Handbært fé í upphafi árs		1.399.904	2.661.796
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		(24.925)	(13.617)
Handbært fé í lok tímabilsins		<u>1.987.093</u>	<u>1.576.721</u>

Skýringar á blaðsíðum 7-14 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

Skýringar

1. Starfsemi

Vátryggingafélag Íslands hf., hér eftir nefnt félagið, samstæðan eða VÍS, er hlutfélag og starfar á grundvelli laga nr. 56/2010 um vátryggingastarfsemi og laga nr. 2/1995 um hlutfélög. Höfuðstöðvar félagsins eru í Ármúla 3, Reykjavík.

Árshlutareikningur samstæðu Vátryggingafélags Íslands hf. hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélags þess, Líftryggingafélags Íslands hf. (Lífis). Samstæðan starfar á sviði skaðatrygginga, líftrygginga og fjármála.

2. Reikningsskilaaðferðir

2.1 Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS 34 sé fylgt

Samstæðuárshlutareikningurinn er samandreginn og er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2014.

Árshlutareikningurinn var samþykktur og leyfður til birtingar á stjórnarfundi þann 29. október 2015.

2.2 Grundvöllur reikningsskila

Samandregni árshlutareikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð að því undanskildu að ákveðnir fjármálagerningar eru færðir á gangvirði. Kostnaðarverð byggir almennt á gangvirði þess sem er greitt fyrir undirliggjandi eignir. Samandregni árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins og eru fjárhæðir birtar í þúsundum. Engar breytingar hafa verið gerðar á reikningsskilareglum samstæðunnar frá ársreikningi 2014. Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá félaginu eða á vef þess www.vis.is og á vef Kauphallar Íslands; www.nasdaqomxnordic.com

Nokkrir nýir staðlar og viðbætur við staðla tóku gildi í upphafi árs 2015 en höfðu engin áhrif á reikningsskil félagsins.

2.3 Breytt framsetning

Samstæðan breytti framsetningu fjárfestingartekna í rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu í ársreikningi 2014. Flokkun teknanna í árshlutareikningi fyrir fyrri helming ársins 2014 var ekki í fullu samræmi við þessa flokkun og hefur henni nú verið breytt til samræmis við ársreikninginn. Breytingin hefur ekki áhrif á afkomu samstæðunnar eða eigið fé hennar. Samanburðarfjárhæðum í sjóðstreymi sem tengist fjárfestingartekjum hefur verið breytt til samræmis.

3. Reikningshaldslegt mat

Við gerð samandregins árshlutareiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Reglulega er farið yfir mat og forsendur. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Stjórnendur hafa gefið sér forsendur um og lagt reikningshaldslegt mat á eftirfarandi liði sem hafa veruleg áhrif á reikningsskil samstæðunnar:

- fjáreignir sjá skýringu nr. 9
- vátryggingaskuld sjá skýringu nr. 11

Skýringar

4. Starfsþáttgreining

Samstæðunni er skipt í þrjá rekstrarstarfsþætti: Skaðatryggingarekstur, líftryggingarekstur og fjármálarekstur samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagjöf samstæðunnar.

Afkoma starfsþáttanna fyrir tímabilið 1. janúar - 30. september 2015 var eftirfarandi:

	Skaðatrygginga- rekstur	Líftrygginga- rekstur	Fjármála- rekstur	Samtals
Iðgjöld tímabilsins	11.644.213	746.230	0	12.390.443
Hluti endurtryggjenda í iðgjaldtekjum	(305.444)	(129.975)	0	(435.419)
Fjárfestingatekjur	900.082	21.621	2.051.274	2.972.977
Aðrar tekjur	116.874	0	0	116.874
Heildartekjur	12.355.726	637.875	2.051.274	15.044.875
Tjón tímabilsins	(9.601.019)	(226.555)	0	(9.827.574)
Hluti endurtryggjenda í tjónum	(145.358)	67.436	0	(77.922)
Rekstrarkostnaður	(2.457.879)	(176.559)	(377.666)	(3.012.104)
Vaxtagjöld	0	0	(2.626)	(2.626)
Virðisýrnun viðskiptakrafna	0	0	9.309	9.309
Rekstrarafkoma starfsþáttar	151.469	302.197	1.680.291	2.133.958
Tekjuskattur				(144.466)
Hagnaður tímabilsins				1.989.492

Afskriftir rekstrarfjármuna og hugbúnaðar í skaðatryggingarekstri eru 51 milljón króna og í fjármálarekstri 1 milljón króna. Fjárfestingar í hugbúnaði og í rekstrarfjármunum í skaðatryggingarekstri eru 265 milljónir króna.

Eignir og skuldir starfsþáttanna 30. september 2015 voru eftirfarandi:

	Skaðatrygginga- rekstur	Líftrygginga- rekstur	Fjármála- rekstur	Samtals
Eignir				
Fjárfestingaverðbréf	29.294.497	1.515.547	537.130	31.347.174
Fjárfestingar með fjárfestingaráhættu líftryggingataka	0	1.292.105	0	1.292.105
Endurtryggingaeignir	1.195.975	135.155	0	1.331.131
Handbært fé	1.672.058	315.034	0	1.987.093
Aðrar eignir	4.340.503	0	6.494.928	10.835.431
Eignir starfsþáttar	36.503.033	3.257.842	7.032.058	46.792.933
Skuldir				
Vátryggingaskuld	28.790.478	802.096	0	29.592.573
Líftryggingaskuld með fjárfestingaráhættu líftryggingataka	0	1.292.105	0	1.292.105
Aðrar skuldir	1.218.085	143.754	0	1.361.839
Skuldir starfsþáttar	30.008.563	2.237.955	0	32.246.518

Skýringar

4. Starfsþáttgreining (frh.)

Afkoma starfsþáttanna fyrir tímabilið 1. janúar - 30. september 2014 var eftirfarandi:

	Skaðatrygginga- rekstur	Líftrygginga- rekstur	Fjármála- rekstur	Samtals
Iðgjöld tímabilsins	11.176.063	677.057	0	11.853.120
Hluti endurtryggjenda í iðgjaldtekjum	(347.115)	(116.134)	0	(463.250)
Fjárfestingatekjur	857.578	28.172	540.737	1.426.488
Aðrar tekjur	118.357	0	0	118.357
Heildartekjur	11.804.883	589.095	540.737	12.934.716
Tjón tímabilsins	(8.763.870)	(289.909)	0	(9.053.779)
Hluti endurtryggjenda í tjónum	14.586	113.359	0	127.945
Rekstrarkostnaður	(2.370.634)	(191.595)	(376.876)	(2.939.105)
Vaxtagjöld	0	0	(1.757)	(1.757)
Virðisrýrnun viðskiptakrafna	0	0	(25.610)	(25.610)
Rekstrarafkoma starfsþáttar	684.965	220.949	136.494	1.042.409
Tekjuskattur				(136.577)
Hagnaður tímabilsins				905.833

Afskriftir rekstrarfjármuna og hugbúnaðar í skaðatryggingarekstri eru 51 milljón króna og fjármálaekstri 2 milljónir króna. Fjárfestingar í hugbúnaði og í rekstrarfjármunum eru 520 milljónir króna. Seldir rekstrarfjármunir í skaðatryggingarekstri eru 10 milljónir króna.

Eignir og skuldir starfsþáttanna 31. desember 2014 voru eftirfarandi:

	Skaðatrygginga- rekstur	Líftrygginga- rekstur	Fjármála- rekstur	Samtals
Eignir				
Fjárfestingaverðbréf	30.463.687	1.917.159	877.225	33.258.071
Fjárfestingar með fjárfestingaráhættu líftryggingataka	0	1.284.696	0	1.284.696
Endurtryggingaeignir	1.264.138	122.792	0	1.386.929
Handbært fé	1.261.082	138.823	0	1.399.904
Aðrar eignir	3.519.149	0	5.617.488	9.136.637
Eignir starfsþáttar	36.508.055	3.463.469	6.494.713	46.466.237
Skuldir				
Vátryggingaskuld	26.865.720	711.514	0	27.577.234
Líftryggingaskuld með fjárfestingaráhættu líftryggingataka	0	1.284.696	0	1.284.696
Aðrar skuldir	1.567.375	80.449	0	1.647.823
Skuldir starfsþáttar	28.433.095	2.076.658	0	30.509.753

5. Eigin iðgjöld

	9M 2015	9M 2014
Bókfærð iðgjöld	14.066.314	13.345.757
Hluti endurtryggjenda	(551.307)	(586.631)
Breyting á iðgjaldaskuld	(1.675.871)	(1.492.637)
Breyting á hluta endurtryggjenda í iðgjaldaskuld	115.888	123.381
Eigin iðgjöld.....	11.955.024	11.389.870

Skýringar

6. Fjármunatekjur

	9M 2015	9M 2014
Vaxtatekjur af bankareikningum	37.483	74.111
Vaxtatekjur af fjáreignum haldið til gjalddaga	196.500	147.831
Aðrar vaxtatekjur	206.083	204.969
Gengismunur gjaldmiðla	(91.458)	78.890
Fjármunatekjur.....	348.609	505.801

Með gangvirðisbreytingu fjáreigna er talinn 111 (9M 2014: 86) milljóna króna arður af hlutabréfaeign.

7. Eigin tjón

	9M 2015	9M 2014
Bókfærð tjón	9.488.106	8.559.449
Hluti endurtryggjenda	(93.764)	(143.591)
Breyting á tjónaskuld	339.468	494.330
Breyting á hluta endurtryggjenda í tjónaskuld	171.686	15.646
Eigin tjón.....	9.905.496	8.925.834

8. Reiknaður tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í árshlutareikninginn.

Virkt skatthlutfall:

	1. janúar - 30. september 2015		1. janúar - 30. september 2014	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	2.133.958		1.042.410	
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli	426.792	20,0%	208.482	20,0%
Ófrádráttarbær kostnaður	5	0,0%	6	0,0%
Fenginn arður	(22.144)	-1,0%	(17.153)	-1,6%
Gangvirðisbreytingar fjáreigna	(258.739)	-12,1%	(64.220)	-6,2%
Aðrir liðir	(1.448)	-0,1%	9.462	0,9%
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi	144.466	6,8%	136.577	13,1%

Skýringar

9. Fjárfestingaverðbréf

Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur greinast þannig:	30.9.2015	31.12.2014
Eignarhlutar í öðrum félögum		
Skráð í innlendra kauphöll	4.998.793	2.942.316
Skráð í erlendum kauphöllum	709.683	630.822
Önnur félög	2.626.955	3.381.239
	<u>8.335.431</u>	<u>6.954.377</u>
Önnur verðbréf		
Ríkistryggð, verðtryggð	6.778.902	7.929.764
Ríkistryggð, óverðtryggð	2.164.430	4.866.048
Önnur skuldabréf	6.610.382	6.098.377
Skuldabréfasjóðir	937.167	537.438
Hlutabréfasjóðir	512.445	693.068
Fagfjárfestasjóðir	1.592.735	1.801.018
	<u>18.596.061</u>	<u>21.925.712</u>
Fjáreignir á gangvirði samtals	<u>26.931.492</u>	<u>28.880.089</u>
Fjáreignir haldið til gjalddaga		
Skráð ríkistryggð verðbréf *	4.363.009	4.284.837
Skuldabréf og aðrar langtímakröfur greinast þannig:		
Lán með veði í fasteignum	52.563	92.386
Lán með veði í lausafé	8	255
Önnur skuldabréf	103	503
	<u>52.673</u>	<u>93.145</u>
Fjárfestingaverðbréf	<u>31.347.174</u>	<u>33.258.071</u>
* Áætlað gangvirði fjáreigna haldið til gjalddaga	4.450.207	4.100.148

10. Stigskipting gangvirðis

Taflan hér að neðan sýnir fjáreignir, færðar á gangvirði, flokkaðar eftir verðmatsaðferð. Matsaðferðunum er skipt í þrjú stig sem endurspeglar mikilvægi þeirra forsendna sem lagðar eru til grundvallar við ákvörðun gangvirðis eignanna. Stigin eru eftirfarandi:

Stig 1: Gangvirðismatið byggir á skráðum verðum á virkum markaði fyrir samskonar eignir og skuldir.

Stig 2: Gangvirðismatið byggir ekki á skráðum verðum á virkum markaði (stig 1) heldur á upplýsingum sem eru sannreynanlegar fyrir eignina eða skuldina, annað hvort beint (t.d. verð) eða óbeint (t.d. afleiddar af verðum).

Stig 3: Gangvirðismatið byggir á mikilvægum upplýsingum öðrum en markaðsupplýsingum.

Samstæða

30. september 2015	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Fjáreignir á gangvirði	21.177.585	424.772	5.329.135	26.931.492
Fjáreignir til gjalddaga á gangvirði	1.820.753	2.629.454	0	4.450.207
Fjáreignir samtals	<u>22.998.338</u>	<u>3.054.226</u>	<u>5.329.135</u>	<u>31.381.699</u>

Samstæða

31. desember 2014	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Fjáreignir á gangvirði	22.245.939	439.356	6.194.794	28.880.089
Fjáreignir til gjalddaga á gangvirði	1.675.822	2.424.326	0	4.100.148
Fjáreignir samtals	<u>23.921.761</u>	<u>2.863.682</u>	<u>6.194.794</u>	<u>32.980.237</u>

Skýringar

10. Stigskipting gangvirðis (frh)

Við mat á fjáreignum sem falla undir stig 2 eru notaðar eftirfarandi aðferðir:

Í stig 2 eru færðar fjáreignir þar sem ekki er virkur markaður. Matið á eignunum ákvarðast af nýlegum viðskiptum ótengdra aðila eða kaupþilboðum frá ótengdum aðilum. Einnig er stuðst við gangvirði annarra sambærilegra fjáreigna.

Við mat á fjáreignum sem falla undir stig 3 eru notaðar eftirfarandi aðferðir:

Við mat á fjáreignum sem falla undir stig 3 eru notuð gögn eins og verðmat frá rekstraraðilum fjárfestinga- og fagfjárfestastjóða, söluréttur eða verðmat félagsins byggt á afkomu eða samanburði við sambærilegar fjáreignir.

Breytingar sem falla undir stig 3 á tímabilinu eru eftirfarandi:

Staða 1.1.2015	6.194.794
Keypt	646.041
Selt/afborganir	(1.985.033)
Flutt á stig 2	(64.155)
Vextir, matsbreyting	537.488
Staða 30.9.2015	<u>5.329.135</u>

11. Vátryggingaskuld

	30.9.2015	31.12.2014
Vátryggingaskuld (heild):		
Vegna tilkynnta tjóna	19.431.026	19.173.758
Vegna ótilkynnta tjóna	3.026.971	2.944.771
Tjónaskuld samtals	<u>22.457.997</u>	<u>22.118.529</u>
Iðgjaldaskuld	<u>7.134.577</u>	<u>5.458.705</u>
Vátryggingaskuld samtals	<u>29.592.574</u>	<u>27.577.234</u>
Hlutdeild endurtryggjenda:		
Vegna tilkynnta tjóna	1.067.505	1.239.229
Vegna ótilkynnta tjóna	56.775	56.737
Tjónaskuld	<u>1.124.280</u>	<u>1.295.966</u>
Iðgjaldaskuld	<u>206.851</u>	<u>90.963</u>
Hlutdeild endurtryggjenda samtals	<u>1.331.131</u>	<u>1.386.929</u>
Vátryggingaskuld í eigin hlut:		
Vegna tilkynnta tjóna	18.363.521	17.934.529
Vegna ótilkynnta tjóna	2.970.196	2.888.034
Tjónaskuld	<u>21.333.717</u>	<u>20.822.563</u>
Iðgjaldaskuld	<u>6.927.726</u>	<u>5.367.742</u>
Vátryggingaskuld í eigin hlut samtals	<u>28.261.443</u>	<u>26.190.305</u>

Áætlun vegna tilkynnta tjóna, tjónakostnaðar og orðinna en ótilkynnta tjóna er skuldfærð að frádrögnum væntanlegu hrakvirði tjónamuna. Heildarfjárhæð hrakvirðis er óveruleg.

Tjónaskuld er mat félagsins á fjárhæð óuppgerðra tjónsatburða á uppgjörstigi sem hafa verið tilkynntir félaginu og einnig vegna tjónsatburða sem hafa átt sér stað á uppgjörstigi en ekki verið tilkynntir félaginu eða tilkynntir með ófullnægjandi hætti. Iðgjaldaskuld er mat á skuldbindingum vegna þess tímabils sem eftir er af gerðum vátryggingasamningum á uppgjörstigi.

Skýringar

12. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar, eða félög í þeirra eigu, sem hafa umtalsverð áhrif á samstæðuna, beint eða óbeint. Tengdir aðilar eru stórir hluthafar, stjórnarmenn og nefndarmenn undirnefnda stjórnar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur þeirra, sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir samstæðunni, s.s. hlutdeildarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Viðskipti við tengda aðila og stöður í efnahagsreikningi greinast þannig:

	1.1.-30.9.2015		30.9.2015	
	Tekjur	Gjöld	Eignir	Skuldir
Tengd félög	2.743	45	12.516	0
Stjórn og lykilstarfsmenn	4.579	2.183	1.663	0
	<u>7.322</u>	<u>2.228</u>	<u>14.180</u>	<u>0</u>

	1.1.-30.9.2014		31.12.2014	
	Tekjur	Gjöld	Eignir	Skuldir
Tengd félög	13.035	19.896	16.601	0
Stjórn og lykilstarfsmenn	3.527	1.519	437	0
	<u>16.562</u>	<u>21.416</u>	<u>17.037</u>	<u>0</u>

13. Ábyrgðir og önnur mál

Samkomulag um niðurfellingu máls slitastjórnar SPRON gegn VÍS

Eins og greint var frá í útgefandalýsingu VÍS höfðaði slitastjórn SPRON mál á hendur VÍS með stefnu dagsettri þann 18. júlí 2012, þar sem meðal annars var krafist riftunar á endurgreiðslu SPRON þann 31. október 2008 á 2 milljarða króna peningamarkaðsláni sem VÍS veitti SPRON í september 2008. Í lýsingu kemur jafnframt fram að Klakki ehf. fyrrum eigandi VÍS ákvað að halda VÍS skaðlausu af tjóni vegna dómsmálsins. Í því skyni skuldbatt Klakki sig til að auka eigið fé VÍS um allt að 3,5 milljarða króna í því skyni að niðurstæða dómsmálsins hefði ekki áhrif á virði hlutabréfa félagsins („áskriftarskuldbinding“).

Þróun málsins hefur síðan verið rakin í ársreikningum og árshlutareikningum VÍS.

Í febrúar 2015 komust SPRON og VÍS að samkomulagi um niðurfellingu málsins. Með samkomulaginu féllust samningsaðilar á að þeir ættu engar frekari kröfur á hendur hvor öðrum hverju nafni sem þær kunna að nefnast. Enginn kostnaður fellur á VÍS vegna samkomulagsins fyrir utan eigin málskostnað.

Stjórn VÍS samþykkti að leysa Klakka ehf. undan áskriftarloforði sínu og bankaábyrgð í tengslum við skaðleysi VÍS af SPRON málinu í framhaldi af samkomulaginu.

14. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Engir atburðir hafa orðið eftir lok reikningsskiladags sem krefjast lagfæringa eða breytinga á árshlutareikningnum.

Skýringar

15. Lykilhlutföll

	9M 2015	9M 2014
Tjónahlutfall	79,3%	76,4%
Eigið tjónahlutfall	82,9%	78,4%
Rekstrarkostnaðarhlutfall	21,3%	21,6%
Endurtrygginga kostnaðarhlutfall	4,1%	2,8%
Samsett hlutfall	104,7%	100,8%
Gjaldþolshlutfall samstæðu	3,4	3,8

16. Ársfjórðungayfirlit

	3F 2015	2F 2015	1F 2015	4F 2014	3F 2014
Iðgjöld tímabilsins	4.283.671	4.147.671	3.959.100	4.169.682	4.071.947
Eigin iðgjöld	4.155.736	3.999.431	3.799.856	4.030.143	3.916.771
Fjárfestingatekjur	907.969	951.546	1.113.460	1.012.470	763.214
Aðrar tekjur	36.105	40.654	40.115	45.072	34.519
Heildartekjur	5.099.810	4.991.631	4.953.431	5.087.685	4.714.505
Tjón tímabilsins	(3.450.990)	(3.274.017)	(3.102.567)	(3.242.799)	(3.268.884)
Eigin tjón	(3.517.360)	(3.234.459)	(3.153.676)	(3.192.857)	(3.203.569)
Rekstrarkostnaður	(988.473)	(1.048.496)	(975.659)	(979.809)	(944.538)
Virðisrýrnun viðskiptakrafna og vaxtagjöld	(433)	12.456	(4.816)	(3.703)	(14.657)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	593.544	721.133	819.281	911.316	551.741
Tekjuskattur	(23.094)	(35.336)	(86.036)	(107.128)	(96.837)
Heildarhagnaður (tap) tímabilsins	570.450	685.797	733.245	804.188	454.904
Tjónahlutfall	80,6%	78,9%	78,4%	77,8%	80,3%
Eigið tjónahlutfall	84,6%	80,9%	83,0%	79,2%	81,8%
Rekstrarkostnaðarhlutfall	20,1%	22,2%	21,5%	20,5%	20,2%
Endurtrygginga kostnaðarhlutfall	4,5%	2,6%	5,3%	2,0%	2,2%
Samsett hlutfall	105,2%	103,7%	105,2%	100,4%	102,7%
Gjaldþolshlutfall samstæðu	3,4	3,4	3,3	3,1	3,8